

Vorfundur 2010

kl. 9-12

Fundarstjóri Þorbjörg Halldórsdóttir, fundarritari Rafnheiður Óladóttir.

Krýsustjórnun - umbreytingarstjórnun / Eypór Eðvarðsson

Fór fram í fyrirlestrum og umræðum.

Að stjórna á umbreytingatímum

Vinnustofa um áfallafræðin, tilfinningar, viðbrögð fólks, sorgarferlið samskiptin, pirringinn, reiðina, vonleysið, sögurnar o. Fl. hvað geta stjórnendur gert og hlutverk þeirra á krísutímum.

Umræðuverkefni: drifkraftar / hamlandi kraftar /lausnir

Umræðuverkefni : Hvaða breytingar hafa verið síðustu þrjú ár. Hvað virkaði og hvað ekki.

Umræðuverkefni : Vilji til breytinga

Höfundar sem byggt var á:

Kotter

William Bridges

Michell Lee Marks

Hádegishlé

kl. 13.05

Margrét Sigurgeirsdóttir Lindasafni Kópavogi er fundarstjóri og Birna Jakobína Jóhannsdóttir Bæjarbókasafni Sandgerðis fundarritari.

Ákv. að liðurinn önnur mál verði á dagskrá fyrir kaffihlé.

Fyrirlestur Hólmkels Hreinssonar -Starfsandinn- féll niður vegna forfalla HH.

Erindi:

Óskar Þór Þráinsson Neskaupstað: **Þjónustugátt sveitarfélagsins á bókasöfnum í Fjarðabyggð.**

Umræða og vangaveltur.

Sjá nánar efni á www.fjardabyggd.is

Kl. 13.33

Marta Hildur Richter Mosfellsbæ: Kynningarmál. Kynnt samkeppnin um nýtt slagorð fyrir almenningubókasöfn á Íslandi; Bókasöfn – Heilsulind hugans varð fyrir valinu. Hönnun er hafin á lógóinu og markaðssetning í gangi.

Spurning lögð fyrir félagsmenn: Vill og getur SFA rekið nýjan vef, lénið www.bokasafn.is og ráða vefstjóra?

Umræða: Hvar fást peningarnir? Í SFA eru 48 félög en söfnin á Íslandi eru fleiri. Sveitarfélögin – koma peningar þaðan? Til viðmiðunar var á fundinum skoðaður danski vefurinn www.aakb.dk

Niðurstaða: Málið var borið upp og samþykkt af öllum fundarmönnum. Stjórn SFA falið að ganga í málið, kanna kostnað og fleira. Sjá nánar fyrirlestur á netinu.

Kl. 14

Anna Torfadóttir og Óskar Guðjónsson Borgarbókasafni: Kennsla um almenningubókasöfn í HÍ. Almenningsbókasafnið í nútímasamfélagi og framtíðarsýn.

Umræða og vangaveltur. Tillaga frá stjórn um að Borgarbókasafnið haldi utan um verkefnið – hún samþykkt.

Kl. 14.25

Önnur mál:

Anna Sigríður Einarsdóttir Hafnarfirði. Kynnt: Heimsókn Olav Eigenbroth vegna óskar hans um að heimsækja lítil bókasöfn á landsbyggðinni.

Anna Torfadóttir Borgarbókasafni. Kynnt: Afmælisrit Jóhönnu Kristjónsdóttur – 10 eintök, sem gefin/seld voru til jafnmargra bókasafna.

Kynnt: Next library, vinnubúðir í lok júní 2010. Niðurstöður og vinnan þar kynnt á næsta haustfundi SFA.

Halldóra Jónsdóttir Akranesi. Kynnt: Landsfundur verður í haust í Stykkishólmi, undirbúningur vel á veg komin. Hvetur fólk til að koma, 17.-18. sept. nk. Endilega að koma við í heimsókn á bókasafnið á Akranesi.

Óskar Þór Þráinsson Neskaupstað: Grín- myndband.

Kl. 14.35 Kaffihlé

Kl. 14.50

Anna Torfadóttir og Óskar Guðjónsson Borgarbókasafni: Um framtíð almenningsbókasafna: From libraries to lifebraries. Fyrirlestur Helene Blowers; er á netinu: www.brighttalk.com

Umræða og vangaveltur:

Ættu eigendur og höfundar handrita að nýta bókasöfnin til að koma á framfæri handritum sínum, sem bókaútfendur hafa ekki tekið við?

Eiga viðburðir fyrir börn ekki að vera alfarið í höndum barnanna hvað varðar bæði framkvæmd og upplifun?

Hvað verður um mannleg samskipti ef “allt” verður á netinu?

Hulda Björk Þorkelsdóttir Reykjanesbæ þakkaði öllum fyrir komuna og sleit fundi kl. 15.50.